

## Erindi vegna starfsþjálfunarár í klínískri sálfræði

**Berist til: Heilbrigðisráðuneytis, háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytis og félags- og vinnumarkaðsráðuneytis.**

Árið 2012 voru lög um heilbrigðisstarfsmenn nr. 34/2012 samþykkt og innan þeirra er reglugerð nr. 1130/2012 um menntun, réttindi og skyldur sálfræðinga og skilyrði til að hljóta starfsleyfi og sérfræðileyfi. Þar segir í 3. gr. að starfsleyfi sé veitt þeim sem lokið hafa BS-prófi í sálfræði við viðurkenndar menntastofnanir ásamt kandiðatsprófi/MS-námi, til viðbótar við að hafa lokið eins árs verklegri þjálfun á viðurkenndum stofnunum eða starfsstofum sem landlæknir viðurkennir.

Síðustu níu ár hefur verið beitt undanþágu til að veita nýútskrifuðum stúdentum starfsleyfi þrátt fyrir að þau uppfylli ekki kröfur um starfsþjálfunarár, oft kallað kandiðatsár. Þessi tímabundna undanþága, sem hefur verið endurnýjuð með skömmum fyrirvara, hefur valdið óöryggi meðal stúdenta sem stunda nám í klínískri sálfræði eins og kom m.a. upp haustið 2021 og vakti athygli fjölmiðla. Mikill einhugur er meðal stúdenta, þvert á háskóla, að starfsþjálfunarár sé uppfyllt til að tryggja lögmæti gráðunnar samkvæmt evrópskum stöðlum. Mikilvægt er að gráðan veiti sömu tækifæri og réttindi á alþjóðlegri grundu og annað evrópskt klínískt nám gerir, sem er ekki raunin í dag.

Síðan reglugerðin tók gildi árið 2013 hefur þetta mál velkst um í kerfinu en sálfræðingar hafa lagt mikið af mörkum til að halda málinu á lofti. Það sýnir þá miklu samstöðu sem er meðal þeirra um að starfsþjálfunarárið verði að raunveruleika.

Undirrituð hvetja ráðuneytin til þess að nýta þá viðamiklu þekkingu sem hefur skapast á síðustu árum við úrlausn þessa máls, með samráði við hlutaðeigendur; háskólana, spítalana, Vog, heilsugæsluna o.fl. Tryggja þarf þeim sæti við borðið sem verða fyrir áhrifum af þessari ákvörðun, en málið er núna hjá landsráði um mönnun og menntun í heilbrigðisþjónustu, en þar er enginn sálfræðingur. Ráðinu er falið að koma með tillögur að útfærslu með vorinu og köllum við eftir að sú sérþekking og vinna sem til er verði þar höfð að leiðarljósi. Ljóst er að umrætt mál hefur verið til skoðunar of lengi án eiginlegrar niðurstöðu og er það ákall stúdenta að málinu sé fundinn góður og varanlegur farvegur.

Stúdentaráð Háskóla Íslands,  
Anima – félag grunnema í sálfræði við HÍ,  
Nemendafélaga sálfræðingafélags Íslands,  
Eros – félag framhaldsnema í sálfræði við HÍ,  
Mentes – nemendafélag sálfræðinema við HR,  
Sálkovkis – nemendafélag meistaranema í sálfræði við HR,  
Kumpáni – félag félagsvísinda- og sálfræðinema við HA